

✉ Re: Tillaga að friðlýsingu Blikastaðakróar - Leiruvogs

Búið til	17.5.2022 16:36:44
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	17.5.2022 16:36:43
Tilheyrir	📁 202204-0005 - Tillaga að friðlýsingu Blikastaðakróar - Leiruvogs

Efni

Re: Tillaga að friðlýsingu Blikastaðakróar - Leiruvogs

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	17.5.2022 16:36:43	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	eva.hannedottir@umhverfisstofnun.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202204-0005 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá Umhverfisstofnun, dags. 1. apríl 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að friðlýsingu Blikastaðakróar-Leiruvogs í Mosfellsbæ og Reykjavík.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um áform um friðlýsinguna þann 10. ágúst 2021. Þar kom fram að stofnunin taldi áformin vera í mjög góðu samræmi við tillögu Náttúrufræðistofnunar fyrir B-hluta náttúruinjaskrár þar sem Blikastaðakró-Leiruvogur er eitt af svæðum sem er tilnefnt fyrir fugla, sér í lagi margæs og sendling en einnig er svæðið mikilvægt fyrir margar aðrar tegundir fugla sem og fjöruvistgerðir. Náttúrufræðistofnun gerði ekki athugasemdir við áformin.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna þ.m.t. áætlaða friðlýsingaskilmála og endanlega afmörkun friðlýsta svæðisins. Stofnunin gerir engar athugasemdir við skilmálana og telur þá vel útfærða og til þess fallna að ná fram markmiðum friðlýsingarinnar.

Því er fagnað að þessi friðlýsing sé að verða að veruleika. Um mikilvægt náttúrusvæði í jaðri þéttbýlis er að ræða.

Bestu kveðjur,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Eva B. Sólán Hannesdóttir" <eva.hannesdottir@umhverfisstofnun.is>

To:

CC:

Subject: Tillaga að friðlýsingu Blikastaðakróar - Leiruvogs

Date: 1.4.2022 14:21:25

Ágæti viðtakandi,

hjálagt er bréf frá Umhverfisstofnun þar sem kynnt er tillaga að friðlýsingu Blikastaðakróar-Leiruvogs (<https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-kynningu/>), í Mosfellsbæ og Reykjavík.

Einnig eru meðfylgjandi tillaga að friðlýsingarskilmálum fyrir svæðið og kort sem sýnir fyrirhugaða afmörkun þess.

Bestu kveðjur / Best regards

Eva B. Sólán Hannesdóttir

Lögfræðingur / Lawyer

Svið náttúruverndar / Department for Nature Conservation

Umhverfisstofnun / Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

Viðhengi

image001.png (5 KB)